

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness föstudaginn 8. janúar 2016 í máli nr. S-2/2016:

Ákærvaldið

(Vilhjálmur Reyr Þórhallsson saksóknarfr.)

gegn

Hemen Osman Mustafa

(Theodór Kjartansson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með ákæru útgefinni af Lögreglustjóranum á Suðurnesjum í dag á hendur Hemen Osman Mustafa, fæðingardagur 1. mars 1982, íraskur ríkisborgari, „fyrir skjalafals, með því að hafa, föstudaginn 1. janúar 2016, framvísað við tollgæslu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, í blekkingarskyni, ítölsku vegabréfi nr. AA0836749, á nafni Tobias Gallea, f.d. 01.03.1982, með gildistíma frá 25.06.2007 til 24.06.2017, sem reyndist breytifalsað, þ.e. falsað að hluta, í kjölfar þess að ákærði hafði verið stöðvaður af tollgæslunni vegna tollskoðunar.

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. “

Ákærði krefst aðallega að honum verði ekki gerð refsing og að málskostnaður verði lagður á ríkissjóð en til vara er krafist vægustu refsingar og málskostnaðar.

Farið var með mál þetta samkvæmt 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu er sækjanda og verjanda ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

Ákærði hefur skýlaust játað brot sitt. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að hann er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og er brot hans rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

Samkvæmt dómafrákvæmd þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga. Til frádráttar refsingu kemur gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt frá 2. janúar sl. Samkvæmt 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 ber ákærða að greiða sakarkostnað málsins. Um er að ræða þóknun verjanda hans, Theodórs Kjartanssonar hdl., sem er hæfilega ákveðin 250.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dóm þennan kveður upp Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hemen Osman Mustafa, fæðingardagur 1. mars 1982, sæti fangelsi í 30 daga. Til frádráttar refsingu kemur gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt frá 2. janúar sl. með fullri dagatölu.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Theodórs Kjartanssonar héraðsdómslögmanns, 250.000 krónur.

Gunnar Aðalsteinsson